

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 7. júlí 2011 í máli nr. X-76/2009:

Guðmundur Andri Skúlason

og

Sigrún Hafsteinsdóttir

(Björn Þorri Viktorsson hdl.)

gegn

Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.

(Bjarki Már Baxter hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 21. júní sl., var þingfest 3. febrúar 2010.

Sóknaraðilar eru Guðmundur Andri Skúlason og Sigrún Hafsteinsdóttir, Ásakór 12, Kópavogi.

Varnaraðili er Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., Reykjavík.

Endanleg kröfugerð sóknaraðila er að héraðsdómur staðfesti lögmæti kröfu þeirra á hendur varnaraðila, bæði um efni og rétt hæð sem almennrar kröfu og leggi fyrir slitastjórn að samþykkja hana að fjárhæð 32.636.592 krónur. Þá er krafist vaxta að fjárhæð 6.603.470 krónur, miðað við aðalkröfu í málinu. Sóknaraðilar krefjast þess til vara að krafan verði samþykkt að höfuðstól 27.251.401 króna. Þá krefjast þeir vaxta að fjárhæð 5.513.867 krónur.

Sóknaraðilar krefjast málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað, en til vara er þess krafist að kröfur sóknaraðila verði lækkaðar.

Í báðum tilvikum er þess krafist að sóknaraðilum verði gert að greiða varnaraðila málskostnað að mati dómsins.

Málsatvik

Félagið Sandhóll ehf. tók lán hjá varnaraðila 1. nóvember 2007. Um var að ræða lán vegna kaupa félagsins á fasteign að Laugavegi 51, Reykjavík. Lánið var í erlendri mynt, 40% lánsfjárhæðar var í svissneskum frönkum og 60% lánsins í japönskum jenum, samsvarandi 80.000.000 íslenskra króna. Undir veðskuldabréfið ritar Skúli Hákonarson fyrir hönd skuldara, Sandhóls ehf.

Hinn 7. nóvember 2007 var lánið greitt út í erlendri mynt, þ.e. 60.636, 15 svissneskum frönkum og 93.133,482 japönskum jenum að frádregnum gjöldum og kostnaði. Sama dag var hin erlenda mynt seld fyrir Sandhól ehf. og voru félaginu greiddar út íslenskar krónur, þ.e. jafnvirði hinnar erlendu myntar þann dag, þ.e. 7. nóvember 2007.

Sóknaraðilar eignuðust félagið Sandhól ehf., 7. desember 2007, en með kaupsamningi, dagsettum 16. maí 2008 seldu þeir Sverri Einari Eiríkssyni allt hlutafé í Sandhóli ehf. Í kaupsamningnum voru eignir félagsins, þrjú matshlutar í Laugavegi 51, tilgreindir. Í samþykktu kauptilboði um fasteign félagsins voru áhvílandi veðskuldir í nafni félagsins yfirteknar af kaupanda, Sverri Einari.

Þar segir eftirfarandi: „Breytingar á stöðu láns til lækkunar eða hækkunar frá viðmiðunarfjárhæð sbr. greiðslutilhögun A, hefur engin áhrif á verð það sem kaupandi greiðir fyrir allt hlutafé Sandhóls ehf.“ Í greiðslutilhögun A er staða erlends láns félagsins tilgreind 113.000.000 króna, miðað við 29. apríl 2008, en það er lánið sem mál þetta lýtur að. Kaupverð skyldi að öðru leyti greiðast með 2.000.000 króna greiðslu, þar af skyldi 1.000.000 króna greiðast við undirritun kaupsamnings.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 23. júní 2009 var varnaraðila skipuð slitastjórn samkvæmt 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Innköllun vegna slitanna birtist fyrri sinni í Lögbirtingablaðinu 22. júlí 2009 og rann kröfulýsingarfrestur út 22. október 2009. Sóknaraðilar þessa máls lýstu almennri kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 að fjárhæð 41.808.084 krónur. Slitastjórn hafnaði kröfunni og mótmæltu sóknaraðilar þeirri afstöðu. Var ágreiningi um viðurkenningu kröfunnar vísað til dómsins með bréfi 18. desember 2009.

Ágreiningur málsins snýst um aðild sóknaraðila að máli þessu, en ekki er lengur ágreiningur um ólögmæti gengistryggingar lánsins og hefur varnaraðili fallið frá málsástæðum er fram koma í köflum III D, III E og III F í greinargerð hans að því leyti sem málsástæður þær varða að umrætt lán hafi verið í erlendri mynt og að gengistrygging láns í íslenskum krónum sé lögmæt. Þá er ágreiningur um bótagrundvöll skaðabótakröfu sóknaraðila, hvort meint tjón sé sannað og um skýrleika kröfugerðar sóknaraðila.

Sóknaraðilar halda enn fast við þær málsástæður sem fram koma í greinargerð þeirra um að lánið sé í erlendri mynt.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðilar kveða að krafa þeirra sé byggð á veðskuldabréfi nr. 716012 sem einkahlutafélag „í eigu kröfueigenda gerði við varnaraðila, Frjálsa Fjárfestingarbankann“, hinn 1. nóvember 2007. Komið hafi í ljós að varnaraðili hafi reiknað höfuðstól skuldarinnar ranglega og ekki í samræmi við skilmála téðs veðskuldabréfs, þegar beðið hafi verið um uppreiknaða stöðu lánsins í tengslum við sölu kröfueigenda á hlutafélaginu Sandhóli ehf. Sandhóll ehf. sé útgefandi téðs veðskuldabréfs.

Þannig telji kröfueigendur varnaraðila hafa ranglega gefið upp eftirstöðvar téðs veðskuldabréfs sem nemi jafnvirði höfuðstóls kröfunnar og því hafi verðmæti Sandhóls ehf. verið lægra sem því nemi við sölu á félaginu, enda hafi verðmat byggt á samspili eigna og skulda félagsins eins og það hafi verið lagt fram við undirritun kaupsamnings. Telji kröfueigendur að bankanum hafi verið óheimilt að hækka höfuðstól lánsins í íslenskum krónum talið, enda sé skýrt tilgreint í samningnum sjálfum að útgefandi/skuldari skuldi bankanum jafnvirði tilgreindrar íslenskra króna. Hið erlenda gengisviðmið hljóti því að verða til þess að útgefandi/skuldari bréfsins skuldi bankanum lægri fjárhæð hinna erlendu mynta, enda sé í lánasamningi og greiðsluáætlun sem undirrituð hafi verið samfara lántökunni, ekki gert ráð fyrir að íslenska jafnvirðisfjárhæðin tæki breytingum á lánstíma. Leiði þessi skilningur til þess að kröfueigandi eigi kröfu á endurgreiðslu sem að ofan sé rakið.

Í skilmálum veðskuldabréfsins sé skýrt hver höfuðstóll lánsins sé og hvernig beri að endurgreiða lánveitanda höfuðstóllinn. Hann sé skilgreindur sem erlend mynt og skýrt sé að sú erlenda mynt sé að jafnvirði 80.000.000 íslenskra króna. Í 2. gr. skuldabréfsins sé síðan skýrt kveðið á um hvernig bankinn reikni höfuðstól lánsins á hverjum gjalddaga. Höfuðstóllinn taki breytingum í samræmi við sölugengi hverrar myntar. Lánið sé þannig bundið sölugengi Seðlabanka Íslands, þ.e. bundið dagsgengi íslensku krónunnar. Þar sem höfuðstóllinn sé tilgreindur að jafnvirði tiltekinnar íslenskrar krónutölu en ekki sem tiltekin fjárhæð erlendra mynta, beri bankanum að haga endurkröfum sínum í samræmi við það og krefjast endurgreiðslu á jafnvirði hinnar íslensku tilteknu krónutölu, en ekki jafnvirði upphaflegrar fjárhæðar í erlendum myntum.

Sóknaraðilar telja að bankanum hafi verið óheimilt að hækka höfuðstól lánsins í íslenskum krónum talið, enda sé skýrt tilgreint í samningnum sjálfum að kröfueigandi skuldi bankanum „jafnvirði“ ofangreindrar fjárhæðar í íslenskum krónum.

Jafnvel þótt umræddur lánasamningur teljist ekki erlent lán að jafnvirði tilgreindrar fjárhæðar í íslenskum krónum í skilningi ofangreindrar túlkunar, telur sóknaraðili að lánasamningurinn sé lán í íslenskum krónum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 og því hafi verið óheimilt að gengistryggja hann, sbr. 13. og 14. gr. laganna. Umrædd ákvæði séu ófrávíkjanleg samkvæmt 2. gr. laganna. Lánasamningurinn sé því í raun óverðtryggður og því hafi allar greiðslur til varnaraðila sem byggðust á óheimilum uppreikningi lánsins á grundvelli ólögmatrar gengistryggingar verið ranglega af honum hafðar, sbr. ákvæði 18. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu beri að endurgreiða kröfueiganda, þ.e. sóknaraðilum þá upphæð sem bankinn hafi ranglega haft af þeim, ásamt vöxtum samkvæmt 4. gr. laganna.

Með setningu laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu hafi eldri vaxtalög verið leyst af hólmi. Í VI. kafla laganna segi í 13. gr. að ákvæði laganna varði sparifé og lánsfé í íslenskum krónum. Í 1. mgr. 14. gr. laganna segi að heimilt sé að verðtryggja sparifé og lánsfé samkvæmt 13. gr. sé grundvöllur slíkrar verðtryggingar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reikni samkvæmt lögum sem um vísitöluna gildi. Þá komi fram í 2. mgr. 14. gr. laganna að heimilt sé að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda sem erlenda, eða safn slíkra vísitala. Heimilt sé samkvæmt lögnum að verðtryggja sparifé og lánsfé með vísitölu neysluverðs, hlutabréfavísitölu eða safni slíkra vísitalna. Sé um tæmandi talningu að ræða og aðrir möguleikar til verðtryggingar séu ekki heimilir.

Um viðskipti aðila gildi ákvæði laga nr. 121/1994 um neytendalán. Samkvæmt þeim lögum skuli lánsamningur vera skriflegur og fela í sér ákveðnar upplýsingar samkvæmt 5. og 6. gr. laganna. Þannig skuli koma fram höfuðstóll fjárhæðarinnar, vextir, heildarupphæð sem greiða skal, fjöldi einstakra greiðslna, fjárhæð þeirra og gjalddagi. Í framangreindum lánsamningi komi einungis fram höfuðstólsfjárhæð samningsins, tilgreind í íslenskum krónum. Þá séu mánaðarlegar greiðslur einnig tilteknar í íslenskum krónum í greiðsluáætlun lánsins. Þannig séu allar upphæðir sem samningurinn grundvallist af, tilteknar í íslenskum krónum. Lánið sé greitt út til sóknaraðila í íslenskum krónum. Ljóst sé að lánsamningurinn sé gerður í íslenskum krónum og hann sé verðtryggður með ólögætum hætti, með vísan til dagsengis erlendra gjaldmiðla.

Sóknaraðilar vísa einnig til ákvæða laga nr. 7/1936, einkum 36. gr. laganna og telji þau að þau ákvæði eigi við um ágreining aðila. Allan vafa um það hvort samningurinn sé gerður í erlendri mynt sem endurspeglar skuli jafnvirði tiltekinna íslenskrar myntar, sem jafnvirði tilgreindrar erlendar myntar, verði að túlka neytanda í hag.

Þá hafna sóknaraðilar því að um aðildarskort þeirra sé að ræða, enda sé kröfunni lýst sem skaðabótakröfu, eins og ráða megi af kröfulýsingu. Sóknaraðilar eigi lögvarða kröfu á hendur varnaraðila, enda liggi allt tjón sem hlotist hafi af hinum ranga og ólögætum útreikningi varnaraðila á eftirstöðvum veðskuldabréfsins hjá þeim. Verðmæti Sandhóls ehf. sem einungis hafi átt þá eign, sem fram komi í kaupsamningi, hafi ráðist af því eigin fé sem félagið átti í umræddri fasteign. Samningurinn hafi verið gerður á þeirri forsendu að útreikningar varnaraðila væru réttir og hafi þeir verið ákvarðandi um verðmæti félagsins. Vegna framangreinds séu sóknaraðilar réttir aðilar að kröfunni, enda sé það ekki lengur í þeirra valdi að bera fram kröfur f.h. Sandhóls ehf. Núverandi eigandi þess félags hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna þessa útreiknings, enda hafi verðmat félagsins byggst á þeim útreikningi.

Málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðilar eigi persónulega skaðabótakröfu eða annars konar kröfu á hendur varnaraðila og beri því að hafna kröfum þeirra vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í málatilbúnaði sóknaraðila sé þess ekki getið hvort byggt sé á skaðabótareglum innan eða utan samninga, sem geri varnaraðila erfitt um vik að átta sig á málgrundvellingnum. Það liggja þó fyrir að sóknaraðilar hafi selt Sandhól ehf., á árinu 2008 og hafi afskiptum þeirra af því félagi lokið á árinu 2008. Umrætt félag sé skuldari að veðskuldabréfi nr. 716012, sem mál þetta lýtur að, og hafi engin skuldskeyting farið fram.

Í kauptilboði Sverris Einars Sverrissonar til sóknaraðila frá 8. maí 2008, segi um lánið: „Kaupandi yfirtekur áhvílandi veðskuldir í nafni félagsins á téðri eign. Breytingar á stöðu lánsins til lækkunar eða hækkunar frá viðmiðunarupphæð [...] hefur engin áhrif á verð það sem kaupandi greiði fyrir allt hlutfé Sandhóls“.

Í kaupsamningi sóknaraðila og framangreinds Sverris Einars segi í grein 3.1.1. að „Kaupandi [hafi] kynnt sér ársreikning félagsins, skuldir og vanskil og eru þær hér eftir seljendum óviðkomandi þar með [talin] veðskuld og vanskil við Frjálsa Fjárfestingarbankann“.

Því telji varnaraðili einsýnt að allar kröfur sem tengist tilvísuðu veðskuldabréfi með einhverjum hætti séu á forræði félagsins Sandhóls ehf., en ekki sóknaraðila persónulega. Því sé uppi aðildarskortur sem leiði til þess að hafna beri kröfum þeirra.

Verði kröfum sóknaraðila ekki hafnað vegna aðildarskorts, byggir varnaraðili á því að bótagrundvöllur sé ósannaður. Alla umfjöllun um meinta skaðabótakröfu skorti í málatilbúnaði sóknaraðila, s.s. um meintan bótagrundvöll, hina meintu bótaskyldu háttsemi, meintan ásetning eða gáleysi, orsakatengsl, sönnun tjóns og önnur þau atriði sem nauðsynlegt sé að fjalla um þegar skaðabótakrafa sé sett fram. Í samræmi við almennar reglur í skaðabótamálum verði að geta þess í hverju hin meinta bótaskylda háttsemi sé fólgin og hvernig hún leiði til þess að bótakrefjendur eigi annars vegar rétt á bótum og hins vegar hvernig fjárhæðar. Eins og málið sé sett fram telji varnaraðili að sóknaraðilar hafi þurft að fjalla sérstaklega um orsakatengsl og sennilega afleiðingu í málatilbúnaði sínum. Þar sem alla umfjöllun um framangreind atriði skorti beri að hafna kröfum sóknaraðila.

Þá telur varnaraðili meint tjón vera ósannað. Þannig virðist sem sóknaraðilar telji sig persónulega hafa orðið fyrir tjóni sem nemi mismun á „upphaflegum höfuðstól“ veðskuldabréfsins og „útreiknuðum“ höfuðstól þess á ótilgreindum tímamarki. Alla umfjöllun skorti í málatilbúnaði sóknaraðila fyrir því hvernig þau telji sig persónulega hafa orðið fyrir meintu tjóni sem nemi þeirri fjárhæð sem þau krefjast. Þá geri þau sameiginlega og óskipta skaðabótakröfu án allrar sundurliðunar eða umfjöllunar um hvert meint tjón hvors þeirra fyrir sig sé. Ekkert liggja fyrir um eignarhald á félaginu Sandhóli ehf., eignarhlut hvors sóknaraðila fyrir sig, fjárhagslega stöðu þess eða stöðu að öðru leyti. Þá sé með öllu ósannað í málinu að staða lána félagsins hjá varnaraðila hafi ráðið kaupverði félagsins. Varnaraðili mótmæli því sérstaklega staðhæfingu sóknaraðila þess efnis að verðmat félagsins Sandhóls ehf. hafi byggt „á samspili eigna og skulda félagsins eins og þar var lagt fram við undirritun kaupsamnings“ sem ósönnuðum og málinu óviðkomandi, enda geti lögskipti sóknaraðila og Sverris Einars, kaupanda Sandhóls ehf., í engu tilviki orðið grundvöllur fyrir skaðabótakröfu á hendur varnaraðila sem

ekki hafi verið aðili að samningunum.

Þá bendir varnaraðili á að kröfufjárhæð eigi sér ekki stoð í þeim gögnum sem lögð hafi verið fram í málinu af hálfu sóknaraðila. Höfuðstóll kröfu sóknaraðila sé byggður á mismun annars vegar á því sem nefnt sé „upphaflegur höfuðstóll“ og hins vegar „útreiknaðs höfuðstóls F.fb. við uppgjör“. Ljóst sé að sú fjárhæð sem nefnd er „upphaflegur höfuðstóll“ hafi ekki verið að fullu greidd til félagsins Sandhóls ehf., enda hafi stimpilgjöld og lántökugjald komið til frádráttar. Sú fjárhæð sem nefnd er „útreiknaður höfuðstóll F.fb. við uppgjör“ eigi sér ekki stoð í gögnum málsins og sé varnaraðila ómögulegt að átta sig á því hvernig fjárhæðin sé til fundin. Varnaraðila sé ekki kunnugt um hvaða „uppgjör“ sé vísað til. Svonefnd vaxtakrafa sóknaraðila sé ósundurliðuð og hvorki studd lagatilvísunum né við vaxtafót. Upphafsdags vaxtaútreiknings sé ekki getið eða hvort um sammings- skaðabóta- eða dráttarvaxtakröfu sé að ræða. Kröfu sóknaraðila vegna kostnaðar við lögmannsaðstoð við gerð kröfulýsingar sé einnig mótmælt, enda sé krafan ósönnuð, auk þess sem hún falli ekki í flokk almennra krafna, sbr. 113. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 1. tl. 114. gr. sömu laga.

Varnaraðili hafnar því sem röngu og ósönnuðu í málinu að varnaraðili hafi veitt „rangar upplýsingar“ um eftirstöðvar veðskuldabréfs „í tengslum“ við sölu á einkahlutafélaginu Sandhól ehf. á árinu 2008. Varnaraðili telji þvert á móti að staða lánsins á hverjum tíma hafi verið reiknuð í samræmi við skilmála veðskuldabréfsins. Vísað er til þess að sönnunarbyrðin hvíli alfarið á sóknaraðilum í málinu um þetta atriði. Þar sem sóknaraðilar hafi ekki fært sönnur á kröfur sínar, bótagrundvöll eða önnur skilyrði skaðabótaskyldu, beri að hafna kröfum þeirra.

Varnaraðili féll frá málsástæðum er fram koma í köflum III D, III E og III F í greinargerð hans að því leyti sem málsástæður þær varða að umrætt lán hafi verið í erlendri mynt og að gengistrygging láns í íslenskum krónum sé lögmat.

Varnaraðili byggir varakröfu sína um lækkun kröfu sóknaraðila á því að kröfufjárhæð sé ósundurliðuð og óljós. Útreikningur höfuðstóls kröfunnar fái vart staðist og fái ekki stoð í framlögðum gögnum. Vaxtakrafa sé með öllu óljós um flest atriði, þ.m.t vaxtafót, upphafsdag vaxta, útreikning og önnur atriði. Kröfum varnaraðila vegna kostnaðar lögmanns er hafnað sem almennri kröfu, þar sem lagaskilyrði samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/ 1991 séu ekki fyrir hendi.

Fallist dómurinn á sjónarmið sóknaraðila, muni þeir auðgast með ólögmatum og ósanngjörnum hætti, enda hafi lán með þeim vaxtakjörum sem umrætt skuldabréf beri, án verð- og gengistryggingar, ekki verið í boði á þeim tíma er lánið var tekið.

Þá bendir varnaraðili á að hinn raunverulegi kröfuhafi sé skuldari lánsins, þ.e. Sandhóll ehf., en ekki sóknaraðilar. Því gæti dómsniðurstaða sóknaraðilum í vil, leitt til þess að varnaraðila væri gert að tvíbæta tjónið. Slík niðurstaða fari í bága við meginreglur skaðabótaréttar og ætti því að leiða til lækkunar á kröfu sóknaraðila.

Niðurstaða

Sóknaraðilar kveða kröfu sína á hendur varnaraðila vera skaðabótakröfu, grundvallaða á því að varnaraðili hafi ranglega reiknað út eftirstöðvar veðskuldabréfs nr. 716012, sem dagsett er 1. nóvember 2007, við sölu sóknaraðila á einkahlutafélaginu Sandhóli ehf. í maí 2008. Því hafi fengist lægra verð fyrir félagið sem nam fjárhæð hins ranga útreiknings eftirstöðva skuldabréfsins. Máltilbúnaður sóknaraðila er reistur á því að þau eigi persónulega skaðabótakröfu á hendur varnaraðila vegna þessa.

Sóknaraðilar eignuðust einkahlutafélagið Sandhól ehf., 7. desember 2007, en með kaupsamningi dagsettum 16. maí 2008 seldu þau Sverri Einari Eiríkssyni allt hlutafé í Sandhóli ehf. Óumdeilt er að einkahlutafélagið Sandhóll ehf. er skuldari veðskuldabréfsins nr. 716012, sem sóknaraðilar byggja kröfu sína á. Í kaupsamningi um einkahlutafélagið kemur fram í grein 3.1.1 að veðskuld og vanskil við Frjálsa Fjárfestingarbankann hf. séu „hér eftir seljendum óviðkomandi“. Kröfuframsal hefur ekki farið fram og hafa því sóknaraðilar ekkert forræði fyrir meintum kröfum Sandhóls ehf., á grundvelli framangreinds skuldabréfs og ætlaðs rangs útreiknings varnaraðila á eftirstöðvum skuldabréfsins. Verður því kröfum sóknaraðila þegar af þessari ástæðu hafnað vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verða sóknaraðilar dæmdir til að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Björn Þorri Viktorsson hæstaréttarlögmaður.

Af hálfu varnaraðila flutti málið Bjarki Már Baxter héraðsdómslögmaður.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Guðmundar Andra Skúlasonar og Sigrúnar Hafsteinsdóttur á hendur varnaraðila, Frjálsa fjárfestingarbankanum hf., er hafnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila óskipt 250.000 krónur í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir